

VALSEÐLAR


Valseðlar (e. menu) þjóna því hlutverki að veita aðgang að einstaka vefsíðum í Joomla! vef. Hver vefur getur innihaldið einn eða fleiri valseðla sem hægt er að staðsetja hvar sem er á viðkomandi sniðmáti, þ.e. eins og sniðmátið leyfir. Hver valseðill getur innihaldið ótilgreindan fjölda krækja. Valseðlum er stýrt í **Menu Manager** (Menus > Menu Manager) sem einnig veitir aðgang umsýsluhluta hvers valseðils fyrir sig.

Hér má sjá hvernig meginvalseðlar eru staðsettir á „**Left**“ svæðinu í rhuk_milkyway sniðmátinu sem fylgir Joomla uppsetningunni.




Valseðlar eru staðsettir eins og aðrar einingar í Module Manager (Extensions > Module manager). Þar er einnig hægt að stjórna öðrum þáttum sem varða birtingu þeirra.

Menus valseðillinn veitir aðgang að öllum valseðlum vefsins. Þar er einnig hægt að velja **Menu Manager** sem opnar stjórnsýsluhluta valseðla í Moodle. **Menu Manager** er einnig aðgengilegur af stjórnborðinu (Control panel). Í **Menu Manager** er birt yfirlit yfir alla valseðla viðkomandi vefs. Þar er hægt að eyða eða bæta við valseðlum og sýsla með einstaka valseðil með því að haka við hann og smella síðan á **[Edit]** hnappinn. Eða einfaldlega með því að smella á viðkomandi tákn í **Menu Item(s)** dálknum.




Þegar sýslað er með einstaka valseðil opnar **Menu Item Manager** glugginn þar sem birt er yfirlit yfir einstaka þætti valseðilsins, þ.e. krækjur. Þar er hægt að fjarlægja eða bæta við krækjum á valseðil ásamt því að breyta röð þeirra sem fyrir eru.



SPURT OG SVARÐ

HVERNIG BÝ ÉG TIL NÝJAN VALSEÐIL?

Valseðlar eru búnir til í **Menu Manager** (Menus > Menu Manager). Þar er smell á **[New]** hnappinn til þess að stofna nýjan valseðil. Í glugganum sem opnast eru fylltar út upplýsingar um hinn nýja valseðil.




Fylla verður út eftirfarandi reiti þegar valseðill er stofnaður:


- **Unique Name**
Hér er skráð einkvæmt nafn á valseðilinn. Þetta er nafn sem Joomla notar en er ekki birt á vefnum eða notendaviðmótinu. Hér má ekki nota séríslenska bókstafi eða orðabil.
- **Title**
Titill valseðilsins. Birtist í listanum yfir valseðla í **Menu Manager** og einnig á sjálfum vefnum, ef valið er að birta titil.
- **Description**
Lýsing á valseðlinum. Lýsingin þarf ekki að vera mjög nákvæm og er einungis hugsuð fyrir vefstjóra. Birtist ekki á vefnum sjálfum.
- **Module Title**
Titill á einingu. Birtist einungis í **Module Manager**.

HVERNIG STAÐSET ÉG VALSEÐLA Á VEFNUM?

Valseðlar eru einingar (Modules) og því sýslað með þá sem slíka. Umsýsla eininga fer fram í **Module Manager** (Extensions > Module Manager). Á meðfylgjandi mynd má sjá valseðil sem nefnist Titill og er staðsettur á Left svæði sniðmátsins (sjá **Position** dálkinn).




Til þess að breyta staðsetningu valseðilsins (eða eininga almennt) er einfaldlega smelt á heiti hans í listanum og opnast þá umsýsluhluti einingarinnar.




Staðsetning valseðilsins er skilgreind í Position valseðlinum.

HVERNIG BÝ ÉG KRÆKJUR Á VALSEÐLI SEM VÍSAR Á STAKA SÍÐU Á VEFNUM?


Algengast er að krækjur á valseðli vísi á aðrar síður á viðkomandi vef. Þegar ný krækja er sett á valseðil er fyrst opnaður viðkomandi valseðill og smelt á **[New]** hnappinn í hnappastikunni efst til hægri.



Opnast þá skjámynd þar sem valið er úr ólíkum tegundum síðna og smellt á **Articles** undir **Internal Link** (e. innri krækja) valkostinum.



Article Layout sniðið birtir staka vefsíðu og er notað til þess að vísa á milli stakra síðna á vef. Tilgreinar þarf titil og velja þá síðu sem krækjan skal vísa til. Aðrir valkostir eru valkvæmir. Nýtt atriði á valseðli bætist sjálfgefið neðst á viðkomandi valseðil. Hægt er að breyta staðsetningunni eftir á.



HVERNIG BREYTI ÉG RÖÐ KRÆKJA Á VALSEÐLI?

Til þess að breyta röð krækja á valseðli er viðkomandi valseðill fyrst valinn. Það er einfaldast að gera með því að velja nafn valseðilsins af **Menus** valseðlinum. Birtist þá tafla yfir allar krækjurnar sem valseðillinn hefur að geyma.

Joomla! Joomla! Version 1.5.7

Site Menus Content Components Extensions Tools Help

Preview 0 1 Logout

Menu Item Manager: [mainmenu]

Menus Default Publish Unpublish Move Copy Trash Edit New Help

Filter: Go Reset

#	Menu Item	Default	Published	Order	Access Level	Type	ItemID
1	Home	★	✓	1	Public	Articles » Front Page	1
2	Joomla! Overview		✓	2	Public	Articles » Article	27
3	What's New in 1.5?		✓	1	Public	Articles » Article	34
4	Joomla! License		✓	3	Public	Articles » Article	2
5	More about Joomla!		✓	4	Public	Articles » Section	37
6	FAQ		✓	5	Public	Articles » Section	41
7	The News		✓	6	Public	Articles » Category / Blog	50
8	Web Links		✓	7	Public	Web Links » Categories	48
9	News Feeds		✓	8	Public	News Feeds » Categories	49
10	Senda inn grein		✓	9	Public	Articles » Article / Form	53

Display # 20

Joomla! is Free Software released under the GNU/GPL License.

Til þess að breyta röð krækja á valseðlinum er annað hvort smelt á örvahnappana fyrir aftan viðkomandi síðu (upp eða niður), eða ný röð sleginn inn í reitina á **Order** dálknum. Þegar ný röð er sleginn inn í **Order** dálkinn verður að smella á diskáknið efst í dálknum til að vista breytingarnar.

HVERNIG BÝ ÉG TIL UNDIRSÍÐUR?

Undirsíða er síða sem er undirskipuð annarri á valseðli. Undirsíður er hægt að mynda annað hvort um leið og krækja er búin til á valseðil eða hvenær sem er eftir á. Til þess að skipa síðu undir aðra er valseðillinn sem inniheldur krækjuna fyrst opnaður og síðan er viðkomandi krækja valin úr töflunni yfir krækjurnar. Opnast þá sami gluggi og notaður er til að búa til að breyta krækju á valseðli.

Joomla! Joomla! Version 1.5.7

Site Menus Content Components Extensions Tools Help

Preview 0 1 Logout

Menu Item: [Edit]

Save Apply Close Help

Menu Item Type

Article Layout

The Article Layout displays a single Article.

Menu Item Details

ID: 34

Title: What's New in 1.5?

Alias: what-is-new-in-1-5

Link: index.php?option=com_content&view=article&id=34

Display in: Main Menu

Parent Item:

- Top
- Home
- Joomla! Overview
- Joomla! License
- More about Joomla!
- FAQ
- The News
- Web Links
- News Feeds
- Senda inn grein

Published: ☐ No ☒ Yes

Order: 1 (What's New in 1.5?)

Parameters (Basic)

Select Article: What's New in 1.5? Select

Parameters (Component)

Parameters (System)

Til þess að gera eina síðu að undirsíðu annarar á valseðlinum er yfirsíðan (e. parent item) valin af listanum yfir síðurnar á valseðlinum. Að því loknu er smell á Save hnappinn á tækjastikunni efst í vinstra horni.

Í töflunni sem geymir yfirlit yfir síður á valseðli eru undirsíður birtar inndregnar undir yfirsíðunni.

#	Menu Item	Default	Published	Order	Access Level	Type	ItemID
1	Home	★	✓	1	Public	Articles » Front Page	1
2	Joomla! Overview		✓	2	Public	Articles » Article	27
3	What's New in 1.5?		✓	1	Public	Articles » Article	34
4	Joomla! License		✓	3	Public	Articles » Article	2
5	More about Joomla!		✓	4	Public	Articles » Section	37
6	FAQ		✓	5	Public	Articles » Section	41
7	The News		✓	6	Public	Articles » Category / Blog	50
8	Web Links		✓	7	Public	Web Links » Categories	48

HVERNIG BÝ ÉG TIL KRÆKJU Á YFIRLITSSÍÐU YFIR EFNI FLOKKS (E. CATEGORY)?

Hægt er að birta yfirlit yfir efni flokks (e. category) á tvennan hátt, þ.e. annað hvort sem lista eða með yfirlitssíðu, sem svipar mjög til greinaskipan á forsiðu vefs.


Hér getur að líta allar greinar/síður sem skráðar eru í „Latest“ flokkinn (e. category) í hefðbundinni Joomla uppsetningu, þ.e. þar sem sýnisgögnin eru notuð. Eins og sjá má er um 5 greinar/síður að ræða. „Latest“ flokkurinn er undirflokkur „News“ og inniheldur fréttir eins og nafnið gefur sterklega til kynna.

#	Title	Published	Front Page	Order	Access Level	Section	Category	Author	Date	Hits	ID
1	Tell	✓	✓	1	Public	News	Latest	Administrator	06.12.08	2	46
2	Welcome to Joomla!	✓	✓	2	Public	News	Latest	Administrator	12.10.06	92	1
3	Joomla Community Portal Online	✓	✓	3	Public	News	Latest	Administrator	07.07.04	0	45
4	The New Joomla Security Strike Team	✓	✓	4	Public	News	Latest	Administrator	07.07.04	0	44
5	We are Volunteers	✓	✓	5	Public	News	Latest	Administrator	07.07.04	54	6
6	Stick to the Code!	✓	✓	6	Public	News	Latest	Administrator	07.07.04	55	7
7	The Legend of Buca di Beppo	✓	✓	7	Public	News	Latest	Administrator	12.04.04	13	8
8	1 Million Smiles	✓	✓	8	Public	News	Latest	Administrator	07.07.04	23	9


Til þess að birta sérstaka síðu á vefnum sem veitir yfirlit yfir innihald þessa flokks er fyrst valinn viðkomandi valseðill. Hér verður notast við Main menu og innihald hans því valið af Menus

valseðlinum á stjórnborði Joomla. Smellt er á **[New]** hnappinn á hnappastikunni fyrir ofan töfluna með krækjum valseðilsins.

Smellt er á **Articles** þar sem ætlunin er að birta yfirlit yfir greinar eða síður og því næst **Category Blog Layout** til að birta yfirlitið á „blogg-sniði“ sem þýðir í raun að hverri grein fylgir stuttur inngangur.



Að þessu loknu er krækjunni á valseðlinum gefið nafn og viðkomandi flokkur valinn í **Category** svæðinu undir Parameters (Basic) liðnum.



Einnig má stilla birtingarmáta greinanna á svipaðan hátt og greinar á forsiðu vefs, þ.e. með því að fylla út fjögur svæði sem ákvarða fjölda og skipan greina á síðunni. Svæðin eru eftirfarandi:

- #Leading
Upphafsgrein eða greinar.

- **#Intro**
Inngangur að fleiri greinum.
- **#Columns**
Fjöldi dálka fyrir inngangsgreinarnar. Hér er yfirlitt notast við einn eða tvo dálka þar sem sniðmát ráða yfirlitt ekki við fleiri dálka.
- **#Links**
Fjöldi greina sem krækt er í neðst á síðunni. Hér eru einungis birtir titlar greinanna.

Á myndinni hér fyrir neðan má sjá hvernig yfirlitið birtist ekki ósvipað og forsíða á vef. Á myndinni eru einnig skýringar með ofangreindum svæðum.

Joomla!
...because open source matters

Joomla! makes it easy to launch a Web site of any kind. Whether you want a brochure site or you are building a large online community, Joomla! allows you to deploy a new site in minutes and add extra functionality as you need it. The hundreds of available Extensions will help to expand your site and allow you to deliver new services that extend your reach into the Internet.

[About Joomla!](#) [Features](#) [News](#) [The Community](#)

Home >> Flokkur - listi

search...

Latest

Upphafsgrein eða greinar

Welcome to Joomla!

Written by Administrator
Thursday, 12 October 2006 10:00

Joomla! is a free open source framework and content publishing system designed for quickly creating highly interactive multi-language Web sites, online communities, media portals, blogs and eCommerce applications.

Powered by version 1.5

Joomla! provides an easy-to-use graphical user interface that simplifies the management and publishing of large volumes of content including HTML, documents, and rich media. Joomla! is used by organisations of all sizes for Public Web sites, Intranets, and Extranets and is supported by a community of thousands of users.

Last Updated (Thursday, 08 November 2007 12:06)

[Read more... >>](#)

Inngangsgrein eða greinar, Hér er hægt að velja dálkafjölda.

Stick to the Code!

Written by Administrator
Wednesday, 07 July 2004 12:00

To ensure this code release, Wilco Jansen resorted to sending rum to joint lead-developer Johan Janssens. Johan, who's had a penchant for rum ever since the first "Pirate's of the Caribbean" movie screened, took the bait, mixed it with Cola, and here we are with our latest 1.5 release. It looks like pirate talk will figure quite a lot in future Joomla! development!

Last Updated (Sunday, 25 November 2007 22:37)

[Read more... >>](#)

Krækjur í fleiri greinar

More Articles...

- ♦ 1 Million Smiles
- ♦ The New Joomla Security Strike Team
- ♦ Joomla Community Portal Online
- ♦ The Legend of Buca di Beppo

[We are Volunteers](#)

Written by Administrator
Wednesday, 07 July 2004 09:54

The Joomla Core Team consists of volunteer developers, designers, administrators and managers who, together with a large range of Work Groups of dedicated community members have taken Joomla to new heights in its relatively short life. This well-oiled machine is often copied but never surpassed. Joomla has some wonderfully talented people taking Open Source concepts to the forefront of industry standards. Joomla 1.5 is a major leap forward and represents the most exciting Joomla release in the history of the project.


Last Updated (Sunday, 31 August 2008 04:12)

[Read more... >>](#)


« Start Prev 1 2 3 Next End »

Page 1 of 3

Til þess að birta yfirlit yfir greinar í ákveðnum flokki (e. category) sem einfaldan lista er fyrst búin til krækjan á viðkomandi valseðil líkt og í fyrra tilfellinu, en í stað þess að velja „Category Blog Layout“ er valið Category List Layout.



Valkostirnir sem fylgja þessu sniði eru ekki alveg eins fjölbreyttir en ætíð verður að skrá nafn á krækjuna í valseðlinum og velja viðkomandi flokk til birtingar. Helstu stillingar þar að auki hafa með fjölda atriða á síðunni að gera og er hann skilgreindur í #Links svæðinu (sjálfgefin stilling er 10).



Mun fleiri stillingarkostir eru mögulegir, s.s. hvaða dálkar eru birtir, hvernig dagsetning er sett fram og hvort listinn er leitanlegur (e. filter).

Á næstu mynd má sjá hvernig hefðbundinn listi birtist með sjálfgefnum stillingum.

Lýsing á flokk.
Getur innihaldið mynd.

Listi yfir greinar.
Hægt að stilla ýmsa valkosti.

Latest

The latest news from the Joomla! Team



Filter Display #

#	Article Title	Author	Hits
1	Welcome to Joomla!	Administrator	92
2	Stick to the Code!	Administrator	56
3	We are Volunteers	Administrator	54
4	1 Million Smiles	Administrator	23
5	The New Joomla Security Strike Team	Administrator	-
6	Joomla Community Portal Online	Administrator	-
7	The Legend of Buca di Beppo	Administrator	13



Look Sensational with.....
gear from the Joomla! Shop

